

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð.

1. gr.

Bláskógabyggð innheimtir árlega fyrir tæmingu rotþróa samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt sveitarfélagsins fyrir hirðu og meðhöndlun seyru nr. 408/2005.

2. gr.

Gjalddagar eru þeir sömu og fyrir fasteignaskatt og innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 4.500 kr. á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 8. nóvember 2005 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 11. janúar 2006, er í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð nr. 410/2005.

Bláskógabyggð, 26. janúar 2006.

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2006